

- 40 2. Óleyfileg vör. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni  
29. marz lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 89 8. júlí 1948.

*Atvinnumálaráðuneytið, 29. marz 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

- 41  
31. marz

## AUGLÝSING

um reglur varðandi lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hefur ráðuneytið, eftir tillögum tryggingaráðs, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. laga nr. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.

Út af þessu og í samræmi við það hafa verið settar reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sem öðlast gildi 1. apríl 1951.

Jafnframt eru úr gildi numdar reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sem gefnar voru út árið 1945.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

- 42  
31. marz

## REGLUR

um greiðslur til opinberra starfsmanna fyrir ferðakostnað o. fl. í innanlandsferðum.

1. gr.

**Fæðis- og gistipeningar.**

Opinberir starfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað, er þeir eru í ferðalögum í þágu starfs síns. Kostnaðurinn greiðist eftir reikningi, sem úrskurðast af forstöðumanni starfsgreinar, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem gisti- húsareikningar, kvittanir frá matarfélagum o. þ. h. Ef kostnaðurinn er að einhverju leyti óeðlilega eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt. Ríkisendurskoðuninni er skylt